



Helstu niðurstöður aðalfundar Sýnar hf. árið 2022

Á aðalfundi Sýnar hf., sem fram fór þann 18. mars 2022, voru eftirfarandi tillögur samþykktar auk þess sem ný stjórn var kosin.

I. Tillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum:

1. Ársreikningur fyrir liðið starfsár var kynntur og staðfestur

2. Tillaga um ráðstöfun afkomu félagsins vegna reikningsársins 2021

Stjórn lagði til við aðalfund að ekki yrði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2021, en vísaði að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á afkomu ársins og breytingu á eigin fé.

3. Eftirfarandi tillögur um breytingar á samþykktum voru samþykktar

- a. Tillaga um lækkun hlutfjár til samræmis við endurkaup eigin hluta.
- b. Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.

4. Tillaga um arðgreiðslustefnu o.fl.

Sýn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- markmiða fjárstýringarstefnu félagsins
- markaðsaðstæðna
- fjárfestingarþarfar félagsins

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn lagði til óbreytta starfskjarastefnu frá fyrra ári og var hún samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár

Stjórn lagði til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs yrðu sem hér segir og var tillagan samþykkt:

- a) Stjórnarformaður fái kr. 625.000 á mánuði.
- b) Varaformaður fái kr. 470.000 á mánuði
- c) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 310.000 á mánuði.
- d) Varastjórnarmenn fái kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund.
- e) Formenn undirnefnda fái kr. 125.000 á mánuði.





f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fá kr. 65.000. á mánuði, sbr. þó g. liður.

g) Kosnir meðlimir tilnefningarnefndar, sem og aðrir utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda, fá greitt á grundvelli samþykks tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“

7. Kosning endurskoðunarfélags Sýnar hf.

Svofelld tillaga var samþykkt:

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfélag Sýnar hf.“

II. Stjórn félagsins

Kosning fór fram til aðalstjórnar, en varastjórn og kosnir fulltrúar tilnefningarnefndar voru sjálfkjörnir.

Aðalstjórn félagsins skipa:

* Hjörleifur Pálsson

* Jóhann Hjartarson

* Páll Gíslason

* Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

* Sesselía Birgisdóttir

Að aðalfundi loknum kom stjórn saman og skipti með sér verkum. Formaður stjórnar er Hjörleifur Pálsson og varaformaður stjórnar er Petrea Ingileif Guðmundsdóttir.

Varastjórn félagsins skipa :

* Óli Rúnar Jónsson

* Salóme Guðmundsdóttir

Þeir tveir af þremur nefndarmönnum tilnefningarnefndar, sem kjörnir voru á aðalfundinum, eru:

* Guðríður Sigurðardóttir

* Þröstur Olaf Sigurjónsson

